

# Sparisafn ÍV - stutt ríkisskuldabréf

31. janúar 2012

## Fyrir hvern er sjóðurinn?

Sparisafn ÍV er traustur kostur fyrir þá sem vilja ávaxta fjármuni með fjárfestingu í ríkistryggðum skuldabréfum í eitt ár eða lengur. Einnig hentar sjóðurinn fjárfestum sem vilja lágmarka skuldaráhættu, þar sem eignir hans eru ríkistryggðar. Sjóðurinn hentar bæði einstaklingum, fyrirtækjum og fagfjárfestum.


## Markmið og fjárfestingarstefna

Fjárfest er í skuldabréfum og víxlum, útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins og innlánnum fjármálastofnana.


Líftími eignasafns sjóðsins er á bilinu 1-5 ár.

Stýring sjóðsins tekur að nokkru leyti mið af verðbólguhorfum og því getur verðtryggingarhlutfall hans verið breytilegt frá mánuði til mánaðar. Einnig er horft til þróunar á ávöxtunarkröfu á markaði.

## Verðbreyting (upphafsgildi = 100)



## Eignasamsetning



## Tölfræðilegar upplýsingar

|                        |      |
|------------------------|------|
| Meðallíftími (ár)      | 3,68 |
| Verðtryggingarhlutfall | 7%   |

## Stærstu eignir

|              |       |
|--------------|-------|
| RIKB 19 0226 | 28,1% |
| RIKB 12 0824 | 26,3% |
| RIKB 13 0517 | 11,8% |
| RIKB 16 1013 | 11,3% |
| RIKB 22 1026 | 11,0% |

## Verðbreyting tímabila

|                | 1 mán | 3 mán | 6 mán |
|----------------|-------|-------|-------|
| Sparisafn ÍV * | -0,4% | 1,2%  | 4,1%  |

\* Sparisafn ÍV var stofnsett 11. mars 2011 og því ekki til upplýsingar um verðbreytingu nema frá þeim tíma.

## Grunnupplýsingar

|                     |                                    |
|---------------------|------------------------------------|
| Stærð (m.kr.)       | 466                                |
| Sjóðstjóri          | Jón Helgi Pétursson                |
| Stofnár             | 2011                               |
| Umsýsluþóknun á ári | 0,8%                               |
| Rekstraraðili       | Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf |
| Vörsluaðili         | Íslensk verðbréf hf                |
| Bloomberg auðkenni  |                                    |

## Viðskipti

|                           |                        |
|---------------------------|------------------------|
| Lágmarkskaup              | 3.000                  |
| Þóknun við kaup           | 0,5%                   |
| Þóknun við sölu           | 0%                     |
| Afgreiðslutími            | 10:00 til 14:00        |
| Uppgjörstími              | 1 viðskiptadagur (T+1) |
| Áskriftarmöguleiki        | Já                     |
| Gengi sjóðsins 31.01.2011 | 10,3879                |

## Hvernig fjárfesti ég í Sparisafni ÍV?

Hægt er að fjárfesta í Sparisafni ÍV með því að hafa samband við ráðgjafa Íslenskra verðbréfa í síma 460 4700. Einnig má fjárfesta í sjóðnum á heimasíðu Íslenskra verðbréfa [www.iv.is](http://www.iv.is). Gerast má áskrifandi að sjóðnum með því að hafa samband við Íslensk verðbréf, þá er annaðhvort skuldfært af kreditkortu eða millifær t af bankareikningi mánaðarlega umsamin upphæð og því bætt við eign viðskiptavinar í Sparisafni ÍV.

## Skattlagning

Hagnaður af innlausn eignarhlutdeildar verðbréfasjóðsins er skattskyldur á Íslandi. Skattskyldur hagnaðar ákvarðast samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003 og myndar eignarhlutdeild í sjóðnum stofn til greiðslu eignarskatts. Vörslufyrirtæki sjóðsins, Íslensk verðbréf hf., sér um að s tanda skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann leggst á þegar eignarhlutdeild í sjóðnum er seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af eignarhlutdeild. Söluhagnaður ber 20% fjármagnstekjuskatt.

## Fyrirvari

Sparisafn ÍV er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Íslenskra verðbréfa, [www.iv.is](http://www.iv.is). Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

Strandgata 3, 600 Akureyri - Sigtún 42, 105 Reykjavík - Sími 460 4700 - [www.iv.is](http://www.iv.is)